

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á Star anise (*illicium anisatu*) frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja inn matvæli sem innihalda afbrigði af star anise sem þekkt er undir nafninu Japanese star anise (*illicium anisatum*, einnig þekkt sem *illicium religiosum*, *illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*). Jurtin er eitruð og ekki hæf til neyslu.

Heimilt er að flytja inn star anise (*illicium verum*), einnig þekkt sem Chinese star anise eða Chinese badian sem er neysluhæf vara og notuð er í matvæli að því tilskyldu að innflytjendur framvísi vottorði frá opinberum aðila um að varan innihaldi ekki *illicium anisatum*.

*Illicium anisatum* og *illicium verum* falla undir tollskrárnúmer 0909.1000 og 0909.1009.

#### 4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 2. mgr. 3. gr. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan innihaldi ekki *illicium anisatum* skal hún tekin af markaði.

#### 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*